



REKSTRARSAMNINGUR  
AKUREYRARBÆJAR OG  
GOLFKLÚBBS AKUREYRAR  
2019 – 2023

## Rekstrarsamningur

**Akureyrabær, kt. 410169-6229 og Golfklúbbur Akureyrar (í samningi þessum nefnt GA), kt. 580169-7169, gera með sér eftirfarandi rekstrarsamning.**

### 1.gr.

Samningurinn gildir um umsjón og daglegan rekstur á íþróttasvæði GA að Jaðri og þeirra mannvirkja sem eru innan íþróttasvæði síns samkvæmt fylgiskjali 1. GA annast alla þjónustu og íþróttatengda starfsemi við almenning og við æfingar og mót á vegum félagsins og annarra sem nýta íþróttasvæði GA.

### I. Afnot af íþróttasvæði GA

#### 2.gr.

GA nýtir íþróttasvæðið fyrir sína iðkendur sem og í þjónustu fyrir almenning sem stundar golf.

GA hefur afnot af aðstöðu í kjallara íþróttahallarinnar sbr. samkomulag milli samningsaðila frá 26. mars 2014 til 31. desember 2023.

GA skal hafa afnot af styrkhæfum tímum í samræmi við reglur ÍBA og frístundaráðs um æfingar- og keppnir. Þá hefur félagið afnot af mannvirkjum bæjarins skv. úthlutun ÍBA.

#### 3.gr.

Akureyrarbær á rétt án endurgjalds að nýta íþróttasvæði GA í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans á vegum. Akureyrarbær greiðir þann umfram rekstrarkostnað sem fellur á félagið vegna viðburðarins þ.e.a.s. ef GA veitir bænum þjónustu vegna þess. Um slík afnot skal haft samráð við GA og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

### II. Rekstur íþróttasvæðis GA

#### 4.gr.

Framlag Akureyrarbær vegna þessa samnings er kr. 18.225.000 árið 2019. Í fylgiskjali nr. 2 er sundurliðun á framlagi Akureyrarbæjar á samningstímanum. Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði og samþykki bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hvers árs.

Verði veruleg breyting á forsendum, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. GA á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 1. mgr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr 13.gr skal Akureyrarbær tilkynna GA um breytingar með a.m.k. sex mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

2  Bb

Greiðslur skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal fyrsti virki dagur hvers mánaðar teljast gjalddagi. Beri fyrsta mánaðardag upp á langa helgi skal greiða síðasta virka dag mánaðarins á undan.

#### 5.gr.

Aðalstjórn GA er ábyrg fyrir rekstri íþróttasvæðis GA og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar félagsins ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Aðalstjórn GA skal hafa framkvæmdastjóra í starfi með þekkingu og reynslu á sviði rekstrar. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á daglegri stjórnun á íþróttasvæði GA og er þannig forstöðumaður þess og heyra störf hans beint undir stjórn félagsins.

#### 6. gr.

GA fær í sinn hlut allar tekjur sem íþróttasvæði GA kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan.

GA er einum heimilt að stunda sölustarfsemi og/eða framselja hana til þriðja aðila á íþróttasvæði GA á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar. Aðilar eru sammála um að sölustarfsemi til skólabarna er bönnuð á skólatíma.

GA er heimilt að setja upp auglýsingar, sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta á íþróttasvæðinu og skal það gert í fullu samráði við deildarstjóra íþróttadeildar og fulltrúa UMSA og sbr. ákvæði í fylgiskjali nr. 4 um auglýsingar í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum.

Fjáröflun GA skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Akureyrarbæ.

### III. Rekstrarkostnaður, viðhald, umgengni og skilyrði

#### 7. gr.

GA greiðir rekstrarkostnað vegna íþróttasvæðis GA, svo sem rafmagn, hita, kalt vatn, fasteignagjöld, húseigendatryggingu og brunatryggingu af mannvirkjum. Einnig vegna áhalda og tækja tengdum mannvirkjum svo og almennt minna viðhald.

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA) og íþróttadeild annast viðhald á mannvirkjum eins og kemur fram í reglum um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka (fylgiskjal nr. 4). UMSA vinnur árlega viðhaldsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra GA, íþróttadeild og ÍBA.

#### 8.gr.

Umhirða, umgengni og þrif á íþróttasvæði GA er á ábyrgð GA og skal vera í samræmi við kröfur Akureyrarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar verulegar breytingar á íþróttasvæði GA og/eða lóð eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Akureyrarbæ.

Nánari útlitun á atriðum varðandi rekstur, skilyrði, starfsmannahald, rekstrarkostnað, tryggingar o.fl. eru í fylgiskjali nr. 3.